



## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2006

## Efnisyfirlit

<i>Starfsemin árið 2006</i>	3
<i>Stjórnun Starfsmenntar</i>	4
Fjármögnun	5
Samstarfsaðilar	5
<i>Námskeið og þátttakendur</i>	6
<i>Heimasíða, upplýsingakerfi og gagnagrunnur</i>	7
<i>Útgáfumál og auglýsingar</i>	8
<i>Einstök námskeið</i>	8
Samstarfsaðilar – umsjón verkefna	8
Starfsnám stuðningsfulltrúa	9
Framrás	9
Rekspölur	9
Brú félagsliða	9
Skýrt og skorinort - starfsmannasamtöl	9
Brú hjúkrunar- og móttökuritarara	10
Læknaritarar	10
Árangursrík kennsla	10
Stytttri námskeið	10
Tölvur og tölvunotkun	10
Járnsíða	11
Áfangar	11
<i>Ráðgjöf og þróunarverkefni</i>	11
Ráðgjafi að láni	11
Að brúa bilið	12
<i>Lokaorð</i>	12
<i>Námskeið 2006 og fjöldi skráðra þátttakenda</i>	13
<i>Fjöldi námskeiðstitla á landsbyggðinni</i>	15

## Starfsemin árið 2006

Árið 2006 var fimmta heila starfsár Fræðslusetursins Starfsmenntar. Þau verkefni sem sett hafa verið upp síðastliðin ár voru áfram á verkefnaskrá setursins og skiptast þau í annarsvegar nám fyrir ríkisstarfsmenn og hinsvegar þjónustu við ríkisstofnanir. Námskeiðin flokkast í starfstengd námskerfi, almenn námskeið og fjarkennt tölvunám og var fjöldi titla á árinu rétt um 70 talsins. Námskeiðin eru misstór allt frá 4 stundum og upp í 160 stundir, og voru mörg þeirra haldin oftár en einu sinni á árinu. Heildarfjöldi þátttakenda jókst á milli ára og voru skráningar 2033 talsins. Árið á undan voru skráningar 1688 og fer þátttakendum því fjölgandi. Vefskráningarnar ná þó ekki til allra þjónustuþega því 96 manns stunduðu brúarnám á framhaldsskólastigi og skráðu sig til leiks þar. Þá eru einnig ótaldir þeir sem nutu þjónustu Ráðgjafa að láni. Starfstengdu námsleiðirnar voru betur sóttar en almenn opin námskeið og mikill áhugi var á fjarkenndu tölvunámi. Mikið var spurt um Ráðgjafa að láni sem voru öflugir í að meta þörf fyrir símenntun einstakra starfshópa og taka þátt í fræðsluhönnun námsleiða.

Rekstur setursins jókst um 47.16% á milli ára og var vel innan ramma fjárhagsáætlunar. Rekstrargjöld ársins voru kr. 79.988.372 en áætlunin hljóðaði upp á kr. 97.447.000. Stórir kostnaðarliðir þetta árið voru kynningarmál og áframhaldandi þróun vefsíðu og vefkerfis Starfsmenntar. Farnar voru nýjar leiðir í kynningarmálum setursins og var ítarlegur námsvísir gefinn út á haustönn 2006 sem dreift var til allra félagsmanna, samstarfsaðila og fræðsluhaldara. Vefkerfi Starfsmenntar var þróað áfram og unnið að bættri rafrænni umsýslu ásamt því að kynna vinnulag við skráningu og hvetja fólk til þátttöku. Fyrirstöður rafrænnar skráningar minnkuðu dag frá degi og unnið var með tæknilega hnökra sem óhjákvæmilega skjóta upp kollinum í svona nýbreytnistarfi. Ávinningur af notkun vefkerfisins er þó margfaldur og sparar bæði tíma og starfskrafta ásamt því að einfalda og greiða leið miðlunar og boðskipta.

Miklar breytingar urðu á starfsmannahaldi setursins á árinu. Nýr verkefnastjóri fræðslumála kom til starfa í janúar, Sara Hlín Hálfanardóttir, í 70% starf, en fyrir var Brynhildur Lilja Björnsdóttir í 50% starfi. Þá var auglýst staða framkvæmdastjóra setursins um mitt árið þar sem Þórarinn Eyfjörð færði sig um set og tók við starfi framkvæmdastjóra hjá SFR -Stéttarfélagi í almannaðjónustu. Hulda Anna Arnljótsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri 1. september 2006. Sara Hlín minnkaði starfshlutfall sitt í 50% undir lok ársins vegna þess að hún var barnshafandi eins og Brynhildur. Á árinu var því auglýst eftir afleysingafólki í störf þeirra.

Starfsmennt starfaði með stýrihópum nýrra verkefna þar sem þróaðar voru sérsniðnar námsleiðir. Þarfagreiningar voru gerðar meðal starfsmanna á heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum víðsvegar um landið og með lyfjatæknum og leiksviðstæknum. Í stýrihópum sitja bæði stjórnendur og almennir starfsmenn sem tengiliðir við stofnanir og tryggja framkvæmd verkefna. Áður en námskeið eru gangsett liggur alltaf fyrir heildstæð námsskrá sem stýrihópur hefur unnið að og stjórn Starfsmenntar samþykkt. Þessi undirbúningur tryggir fagleg og vel ígrunduð vinnubrögð ásamt þjónustumati sem fer fram í lok námskeiða. Þannig mat sem og umsagnir þátttakenda og stjórnenda sýna að vel miðar í þá átt að bjóða upp á gæðaðjónustu á sviði menntunar og mannauðsefningar markhópsins.

Mikil eftirspurn er eftir hagnýtri fræðslu og er fólk tilbúið að leggja mikið á sig til að efla og uppfæra þekkingu sína og færni. Nám Starfsmenntar er vinnutengt og fer fram á

dagvinnutíma en einnig er boðið upp á síðdegisnámskeið fyrir þá hópa sem vinna vaktavinnu eða komast ekki auðveldlega frá. Til að koma til móts við ólíkar þarfir og einstaklingsmiðað nám hefur Starfsmennt leitað leiða til að efla fjölbreytni í miðlun efnis, bæði í kennslu og á netinu. Samstarf við framhaldskóla á því sviði hefur verið mjög farsælt. Einnig vann stjórn Starfsmenntar að því að kynna námsskrár setursins fyrir menntamálayfirvöldum með það í huga að fá þær metnar til eininga á framhaldsskólastigi, en því máli er ekki lokið.

Starfsmennt hefur burði til að sýna mikinn sveigjanleika í þjónustu sinni vegna þess öflugra samstarfsnets sem skapast hefur í kringum starfseminna, hæfni starfsfólks og tæknilegrar getu. Setrið getur því sett upp námskeið víðsvegar um landið með hraði eða lánað stofnunum ráðgjafa til lengri tíma til að vinna að mannauðseflingu starfsmanna. Þessi grunnur sem lagður hefur verið er harla traustur og auðveldar áframhaldandi uppbyggingu á frekari menntamöguleikum og starfsþróun ríkisstarfsmanna.

## Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn setursins var óbreytt á árinu en skipt var um varamenn. Þórveig Þormóðsdóttir tók við af Jakobínu Þórðardóttur og fjármálaráðuneytið skipti um varamann í lok ársins. Stjórn Starfsmenntar er skipuð:

Aðalmenn:

- ✓ Árni St. Jónsson formaður (SFR)
- ✓ Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR)
- ✓ Ásgeir M. Kristinsson (Vegagerðin – tilnefndur af fjármálaráðuneyti)

Varamenn:

- ✓ Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR)
- ✓ Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)
- ✓ Sonja María Hreiðarsdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins), til 29. nóvember er Sverrir Jónsson hjá Starfsmannaskrifstofunni tók við.

Framkvæmdastjóri var Þórarinn Eyfjörð til 31. ágúst er Hulda A. Arnljótsdóttir tók við.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu sem er sami fjöldi og árið áður.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir.


Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young

## Fjármögnun

Í fjárhagsáætlun fyrir 2006 var gert ráð fyrir að rekstrargjöldin á árinu myndu nema kr. 97.447.000. Gjöld ársins urðu hins vegar kr. 79.988.372, sem er ívið lægra en þó mikil hækkun frá fyrra ári. Ástæður þess að útgjöldin urðu aðeins lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir skýrast fyrst og fremst af því að ekki voru gangsett öll þau verkefni sem áætlað var og umfang annarra var í nokkrum tilfellum minni en fyrirhugað var. Mikil hækkun útgjalda á milli ára, eða 47,16% sýnir að starfsemi setursins er í miklum vexti en inngreiðslur frá sjóðum ekki í takt við fjölgun verkefna né innheimtar sem skyldi. Sú staða skýrir mismuninn á tekju- og útgjaldahlið í ársreikningi.

Framlög til setursins skiptast sem hér segir: Framlag Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR nam 27,8% af heildartekjum ársins 2006 (29.44% árið 2005). Framlag Þróunar- og símenntunarsjóðs Samflotsins 3.7% (3.75% árið 2005). Tekjur af námskeiðsgjöldum og verkefnatekjum/styrkjum voru 6% (4.8% árið 2005). Afgangurinn, eða um 62.5% (62.66% árið 2005), kom sem 0.25% framlag frá atvinnurekendum samkvæmt kjarasamningi. Framlög frá Þróunar- og símenntunarsjóðunum grundvallast á því að þar eru sjóðirnir að vísa framkvæmd verkefna til Starfsmenntar og eru þar enn ónýttar heimildir sem nýta má til að rétta af bókhaldslegt tap ársins.

Hlutfallslega skiptingu rekstrargjalda má sjá á neðangreindri mynd þar sem hluti námskeiða og þjónustu er 61% af heildarútgjöldum. Tiltölulega hátt hlutfall launakostnaðar og rekstrargjalda setursins má rekja til mikils stofnkostnaðar í vefkerfi, kynningarmálum og þróunarverkefnum sem vísað er til setursins til fullvinnslu frá Þróunar- og símenntunarsjóðum. Sjóðirnir veita verkefnum til Starfsmenntar sem annast margskonar utanumhald og eykur það yfirbyggingu starfseminnar. Breytingar í starfsmannahaldi á árinu skipta hér einnig máli.



## Samstarfsaðilar

Tvö ný félög bættust við í hóp aðildarfélaga Starfsmenntar frá 1. janúar. Þessi félög eru Félag Starfsmanna stjórnarráðsins og Félag flugmálastarfsmanna ríkisins. Öll aðildarfélögin fengu afrit af fundargerðum stjórnar og ársskýrslu og leitað var liðsinnis þeirra við verkefnaval og dreifingu námsvísis til félagsmanna úti á landi. Aðildarfélögunum var boðið til vorfagnaðar setursins þar sem heimasíða þess og verkefnaskrá voru kynnt.


## Námskeið og þátttakendur

Skráningar á vef Starfsmenntar voru 2033 talsins á árinu og 96 manns stunduðu brúarnám á vegum framhaldskóla. Árið á undan var heildarfjöldi skráninga 1688 talsins og 727 árið 2004. Starfsmennt er því að ná til fleiri og fleiri félagsmanna aðildarfélaganna og umfang starfseminnar að aukast. Þessi heildarfjöldi þátttakenda nær þó ekki til þeirra sem notið hafa þjónustu Ráðgjafa að láni. Námskeiðstitlar voru um 70 talsins og voru mörg námskeiðanna kennd oftast en einu sinni á árinu.<sup>1</sup> Um 30 titlar voru kenndir á landsbyggðinni og eru þá ekki talin með tölvunámskeiðin sem náðu til alls landsins<sup>2</sup>. Námskeiðin eru misumfangsmikil, allt frá 4 stundum og upp í 160 stundir. Lögð var áhersla á vandaða undirbúningsvinnu í stýrihópum sem eru skipaðir stjórnendum og almennum starfsmönnum. Að baki öllum stærri námsleiðum eru námsvísar og góð tengsl við bakland og sérfræðinga.

Námskeiðin voru haldin um allt land og reynt að koma til móts við eftirspurn í samráði við félög og fræðsluaðila. Námskeiðin voru fjölbreytt að inntaki og formi og bæði staðbundin eða send til þátttakenda í gegnum netskóla og fjarfundi. Einstaka sinnum þurfti að fella niður námskeið og þá sérstaklega svokölluð almenn námskeið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Til að geta boðið upp á starfstengd námskeið á landsbyggðinni s.s. innan Járnsíðu og Áfanga var viðmiðunartölum um lágmarksþátttöku breytt, til að gefa fólki í fámennari byggðalögum kost á námstækifærum. Þá stóð verkefnið Ráðgjafi að láni undir væntingum og voru nokkrar nýjar námsleiðir hannaðar í samstarfi Starfsmenntar, ráðgjafa og stofnana.

Námskeið og þjónusta Starfsmenntar skiptist á eftirfarandi hátt eftir útgjöldum.

### MYND UM SKIPTINGU NÁMS OG ÞJÓNUSTU EFTIR ÚTGJÖLDUM



<sup>1</sup> Sjá fylgiskjal um Námskeið 2006 og fjölda skráðra þátttakenda á síðu 13.


<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal um fjölda námskeiðstitla á landsbyggðinni á síðu 15.

## Heimasíða, upplýsingakerfi og gagnagrunnur


Ný heimasíða og vefkerfi Starfsmenntar var kynnt á árinu fyrir samstarfsaðilum og kennurum og hlaut afurðin afar góðar viðtökur. Á árinu var stefnt að því að hvetja þátttakendur til að skrá sig rafrænt á námskeið og nýta þannig kosti upplýsingatækninnar. Vefkerfi Starfsmenntar er metnaðarfullt og felur í sér margskonar þróunarmöguleika til fjölbreyttari miðlunar þekkingar. Þróun vefkerfisins hófst árið 2004 þegar ákveðið var að stórauka netlæga þjónustu og upplýsingagjöf og var þá áætlað að ný heimasíða yrði tilbúin 2005. Gengið var til samninga við Íslensk fyrirtæki / EC-Web um hönnun og smíði nýrrar heimasíðu, upplýsingakerfis og gagnagrunns þar sem áhersla væri lögð á einfaldleika, fjölbreytni og skýrleika. Áætlað var að kerfið yrði tilbúið í júní 2006 en raunin er sú að leiðréttingar og breytingar eiga sér enn stað en sú vinna er óhjákvæmilegur fylgifiskur svona frumkvöðlastarfs. Vefkerfi Starfsmenntar hefur alla burði til að vera leiðandi á þessu sviði en efla þarf gæðaviðmið, úrvinnslumöguleika, fagmennsku og fjölbreytileika í framsetningu náms og efnis.

Ut anumhald upplýsinga og miðlun þeirra, skráning þátttakenda, kynning námskeiða og yfirleitt allt sem snýr að umsjón og verkstýringu námskeiða er í góðum farvegi. Mikill vinnusparnaður fylgir kerfinu en margskonar tæknilegir hnökror hafa þó komið upp við gangsetningu þess sem starfsmenn hafa leyst eftir bestu getu í samráði við vefhönnuði. Kostnaður við þróun, uppfærslu og leiðréttingar vefkerfisins var meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun en staðan var metin svo að ekki væri hægt að draga viðgerðir á langinn því það bitnaði á trúverðugleika kerfisins og starfsmennar.

Notkun heimasíðunnar og vefkerfisins eykst jafnt og þétt eins og sjá má á súluritunum:



Heimsóknir á viku á heimasíðuna smennt.is



Heildarfjöldi flettinga á viku á heimasíðuna smennt.is

## Útgáfumál og auglýsingar

Setrið réðst í hönnun og útgáfu á Námsvísi haustið 2006 sem dreift var til félagsmanna aðildarfélaganna, stofnana og annarra fræðsluaðila. Í bæklingnum voru markmið setursins kynnt ásamt umgjörð þess og námsframboði um allt land. Auglýsingagildi bæklingins var ótvírætt því skráningar á vefinn jukust til muna eftir dreifingu hans. Þá söknuðu margir félagsmenn þess að hafa ekki fengið bæklinginn í hendur og kölluðu eftir honum. Brýnt er því að uppfæra gagnabanka reglulega og styðjast við nýja dreifingarlista. Í námsvísinum var stiklað á stóru um námsframboð og vísað í frekari upplýsingar á heimasíðu setursins þar sem skráningar fóru fram. Starfsfólk Starfsmenntar aðstoðaði væntanlega þátttakendur við rafrænu skráninguna og leysti úr tæknilegum vandamálum sem upp komu. Þá var áfram dreift kynningarbæklingum um Ráðgjafa að láni og Mannauðsstjórnun ásamt einblöðungum um hlutverk Starfsmenntar og einstaka námsleiðir.

Rafræn skilaboð eru mikið nýtt til að kynna þjónustuna. Veftímarit var sent út 3 – 4 sinnum á önn þar sem kynnt var námsframboð og hvað helst væri á döfinni og sérstakar kynningar voru sendar til viðeigandi starfshópa og stofnana. Þá var dreifingarkerfi stéttarféлага til trúnaðarmanna nýtt, sérstaklega trúnaðarmanna innan SFR, og greinar og auglýsingar sendar í félagstíðindi, námsvísa annarra fræðsluaðila og almenna prentmiðla. Á árinu voru einnig prentaðar harðspjaldamöppur sem nýttar eru undir náms- og fundargögn og hannaðar auglýsingar og borðar í tímarit og blöð. Þá var setrið með kynningarbás á þingi BSRB í október þar sem starfsemin var kynnt.

## Einstök námskeið

### **Samstarfsaðilar – umsjón verkefna**

Rekstraraðferð Starfsmenntar í einstökum námskeiðum er í flestum tilvikum að fá til samstarfs fræðsluaðila, sem hafa umsjón með námskeiðunum og geta þjónustað þau samkvæmt þeim gæðakröfum sem setrið fylgir. Þá hefur setrið aðgang að öflugum neti kennara og sérfræðinga sem ýmist vinna sjálfstætt með setrinu eða á vegum annarra fræðsluaðila. Þeir fræðsluaðilar sem setrið var í slíku samstarfi við á árinu 2006 voru:

Framvegis ehf. – miðstöð um símenntun í Reykjavík

Endurmenntun HÍ

Áskorun ehf.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – SÍMEY

Þekkingarnet Austurlands

Símenntunarmiðstöðin Vesturlandi

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Iðntæknistofnun

Borgarholtsskóli

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Þekkingarmiðlun ehf

Verslunarskóli Íslands

ORB Miðlun ehf.

Gerðuberg menningarmiðstöð

Eitt skref ehf.

Rit ehf.

### **Starfsnám stuðningsfulltrúa**

Starfsnám stuðningsfulltrúa var rekið með hefðbundnum hætti í Reykjavík. Framvegis - miðstöð um símenntun í Reykjavík, hefur verið móðurstöð þessa náms og haldið vel utan um framkvæmdina. Námskeiðin hafa haft jafna og góða aðsókn þó þurft hafi að ýta við starfsmönnum til að taka skrefið. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið á hvorri önn. Grunnnámið var fjarkennt á haustönninni í varpað til 4 staða á landinu og var þátttaka þar mjög góð.

### **Framrás**

Framrásarnámskeiðin skiptast í þrjár sjálfstæðar línur, sem eru Framrás 1, Framrás 2 og Framrás 3. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð fólki í skrifstofustörfum hjá ríkinu. Frá upphafi hefur Endurmenntunarstofnun Háskólans verið umsjónaraðili námsins í Reykjavík og var boðið upp á öll námskeiðin á árinu. Framrás 1 var þar vinsælast en hin tvö féllu niður á haustönn vegna lítillar þátttöku. Þá hafa Framrásarnámskeiðin átt erfitt uppdráttar á landsbyggðinni en í bænum hafa þau verið kennd tvo morgna í viku til að minnka fjarveru af vinnustað.

### **Rekspölur**

Rekspölur, almennt starfsnám fyrir starfsmenn ríkisins, hefur verið í gangi í allnokkur ár. Rekspölur skiptist í tvær sjálfstæðar einingar, I og II. Framvegis – miðstöð um símenntun tók að sér framkvæmd námsins á árinu. Eitt af fjórum námskeiðum féll niður og skoðað var hvort einhver mettun væri að eiga sér stað. Námskeiðin eru kennd að hluta sem dreifnám, þ.e. bæði staðbundin og á netinu og fer nethlutinn nú í gegnum WebCT vefnámsumsjónarkerfi Verslunarskóla Íslands samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið þar um. Námskeiðið sem sett var inn í kerfið fyrir nemendur á Rekspeli var í bland nýtt efni og endurunnið frá fyrri tíð. Hefur þetta fyrirkomulag reynst afar vel og samstarfið við Verslunarskólann gengið vel.

### **Brú félagsliða**

Á árinu voru tvær bekkjardeildir í staðbundnu námi félagsliða, en í því námi er starfsreynsla stuðningsfulltrúa og starfstengd námskeiðspátttaka metin til styttingar á námi. Námið fer fram í Borgarholtsskóla og er síðdegisnám með vinnu. Tekið er inn í staðbundna námið bæði á vorönn og haustönn og taka nemendur saman ákveðna lotur á hverri önn. Borgarholtsskóli býður einnig upp á dreifnámi fyrir sama hóp, en þá samanstendur námið af fjarnámi og þremur staðbundnum lotum í bænum. Um 66 nemendur innan SFR tóku þátt í náminu á árinu á báðum önnum.

Dreifnámið hefur átt vaxandi fylgi að fagna og vann Starfsmennt að því á árinu að styðja og undirbúa starfsfólk að Réttargeðdeild að Sogni til þátttöku. Ráðinn var náms- og starfsráðgjafi til aðstoða væntanlega nemendur. Félag stuðningsfulltrúa innan SFR fékk stuðning frá Starfsmenntaráði í samstarfi við Starfsmennt og Borgarholtsskóla að byggja upp þetta nám og lauk því verkefni á árinu. Báðar þessar námsleiðir hafa notið fulltingis þróunar- og símenntunarsjóðs SFR. Þá ákvað stjórn Starfsmenntar að kosta sama nám félagsmanna í öðrum framhaldskólum á landinu og nýttu nemendur í Framhaldsskólanum á Húsavík það tækifæri.

### **Skýrt og skorinort - starfsmannasamtöl**

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að bjóða upp á námskeið í starfsmannasamtölum á árinu og voru þau kölluð Skýrt og skorinort. Þekkingarmiðlun ehf. sá um framkvæmd

námskeiðanna og voru þau haldin víðsvegar um landið og á höfuðborgarsvæðinu. Námskeiðin voru ýmist almenn og opin öllum eða ætluð einstaka stofnunum eins og Heilbrigðisstofnun Austurlands, Lögreglunni í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, sýslumannsembættinu í Reykjavík og Vegagerðinni. Einnig var boðið upp á þennan námsþátt innan einstakra námskerfa og almennt mikill áhugi á fræðslu um starfsmannasamtöl og innleiðingu þeirra.

### **Brú hjúkrunar- og móttökurítara**

BRÚ hjúkrunar- og móttökurítara hefur verið keyrð í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og með fulltingi Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR. Eins og áður hefur sjóðurinn falið Starfsmennt að koma að skipulagningu og stuðningi við námið í samstarfi við fjölbrautaskólann. Kennt er í FÁ samkvæmt námsskrá og hófu 21 rítarar námið á haustönn en 14 á vorönninni.

### **Læknarítarar**

Á vettvangi er sí- og endurmenntunarleið fyrir starfandi læknarítara sem hefur verið vel sótt. Námslínan samanstendur af 5 námsþáttum sem hver um sig er 40 stundir. Boðið var upp á tvö 40 stunda námskeið Akureyri sem tókust mjög vel. Hér var um að ræða annarsvegar Sjálfsmat og samskipti og hinsvegar Hagnýt enska og latína og sá Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar um framkvæmdina.

### **Árangursrík kennsla**

Ákveðið var að bjóða kennurum Starfsmenntar á námskeið í kennslufræðum „Árangursrík kennsla“ og var námið skipulagt í samstarfi við Hróbjart Árnason hjá Kennaraháskóla Íslands. Hvati þess að halda þetta námskeið var sá að efla kennslufræðilega þekkingu leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu. Undirtektir voru dræmar og varð ekki að námskeiðinu þetta árið.

### **Stytttri námskeið**

Á árinu var áfram boðið upp nokkur almenn námskeið sem eru þverfagleg og opin öllum. Hefur þar verið um að ræða námskeið eins og Eflingu sjálfsmats, Starfsmannasamtöl, Vellíðan í vinnunni, Vinnufélagarnir – ég og hópurinn og Framúrskarandi þjónusta. Námskeiðin gengu vel á vorönninni er síður á haustönninni þar sem hætt var við nokkur vegna ónægðrar þátttöku. Boðið var upp á sum þessara námskeiða hjá einstakra stofnunum og starfshópum og var þátttaka þar mjög góð. Til að örva þátttöku á þessi almennu, opnu námskeið þarf að efla kynningu þeirra, ekki síst með heimsóknum ráðgjafa á stofnanir. Rafrænar kynningar dugðu ekki til að þessu sinni.

### **Tölvur og tölvunotkun**

Starfsmennt bauð á árinu upp á fjarkennd tölvunámskeið í samvinnu við ORB ehf. og Bjartmar Kristinsson tölvukennara. Þessi námskeið áttu miklum vinsældum að fagna og voru skráningar með mesta móti. Námskeiðin eru sambland af fjarnámi, netnámi, bréfaskóla og einstaklingsráðgjöf. Um er að ræða 80 stunda grunnám og 24 stunda framhaldsnámskeið þar sem farið er dýpra í einstaka forrit. Fjöldi titla var einungis fjórir á árinu en boðið var upp á námskeiðin oftast en einu sinni. Fjöldi skráninga var hinsvegar 303 og sóttu þar flestir grunnnámskeiðin. Nemendur fá námsgögn send í pósti, kennslubækur og geisladiska og sækja einnig kennslumyndbönd af netinu. Auk þess er nemendum fylgt eftir símleiðis og þeir hafa aðgang að þjónustusíma sem er opin kl. 9-21 virka daga. Mikil ánægja hefur verið með þessi námskeið sem bæði má sjá í þjónustukönnun sem allir þátttakendur taka og í umsögnum þátttakenda.

## Járnsíða

Járnsíðu – skóla fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna var formlega hleypt af stokkunum haustið 2005 eftir liðlega tveggja ára undirbúning. Markmiðið með verkefninu var að koma á fót heildstæðu þjálfunar- og lærdómskerfi fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna um allt land. Upphaf verkefnisins má rekja til vorsins 2003 þegar tekin var upp umræða um útfærslu námskeiðsákvæða í kjarasamningum þeim sem gerðir voru 2001.

Járnsíða er starfsþróunar- og lærdómskerfi fyrir sýslumannsembættin og starfsmenn þeirra sem samanstendur af 27 námsþáttum. Um 15 námsþættir voru í boði hvora önnina og eru námskeiðin haldin víðsvegar um land. Nokkur þeirra féllu niður á haustönninni vegna dræmrar þátttöku en þar sem stýrihópur Járnsíðu er mjög virkur brást hann skjótt við og breytti fyrirkomulaginu. Hópurinn ákvað að bjóða ætti upp á námskeiðin í klösum á höfuðborgarsvæðinu og eitt í hverjum landshluta á mánuði og hafa þannig meiri samfellu í náminu. Góð aðsókn var á námskeiðin þó þunginn væri ólíkur eftir landshlutum. Þá eru þátttakendur mjög ánægðir með hvernig til hefur tekist og stendur verkefnið vel undir væntingum.

## Áfangar

Áfangar - nám fyrir fangaverðir fór af stað á árinu og var kennt á landsvísu í nálægð við vinnustaði. Áfangar eru námskerfi sem samanstendur af 16 námskeiðum og voru 7 titlar á boði á árinu en kenndir nokkrum sinnum. Flest námskeiðanna voru fjarkennd frá Suðurlandi og send á tvær aðrar starfsstöðvar. Sömu námskeið voru einnig kennd á höfuðborgarsvæðinu. Þátttaka á námskeiðunum var almennt góð og metin til launahækkana og því mikið í húfi fyrir starfsmenn. Utanumhald skráninga var ekki í nægilega góðum farvegi, þar sem óskráðir mættu á námskeið og skil viðverulista frá kennurum voru ekki fullnægjandi. Starfsmennt gat því ekki með góðu móti staðfest þátttöku þeirra sem skráðu sig en skilaði heildarlista til fangelsismálayfirvalda í lok ársins. Í ljósi þessarar reynslu var ákveðið að styrkja þátttakendur í að halda utan um sína námskeiðspáttöku með því að prenta út þátttökuskjöl eftir hvern námsþátt og nýta heimasvæði sitt á netinu til utanumhalds.

## Ráðgjöf og þróunarverkefni

### Ráðgjafi að láni

*Ráðgjafi að láni* hélt áfram á árinu og var farið yfir hvað hefði áunnist og hvað mætti gera betur. Markmiðið með ráðgjöfinni er að aðstoða stofnanir við áætlanagerð í starfsþróunarmálum og greiningu á endur- og símenntunarþörf starfsmanna. Ljóst er að þátttökustofnanir eru ánægðar með verkefnið en hika oft áður en kallað er eftir aðstoðinni. Það vekur eftirtekt að þær stofnanir sem hafa nýtt sér Ráðgjafann sækjast eftir áframhaldandi vinnu með þeim, á meðan aðrar stofnanir eru hikandi og sitja lengi hjá. Gera má ráð fyrir að halda þurfi kynningarfundum inni á stofnunum til að kynna markmið verkefnisins en nú þegar hafa tveir bæklingar um þjónustuna farið í víðtæka dreifingu.

Ráðgjafarnir sem veittu ráðgjöfina voru þeir sömu og áður; Gylfi Dalmann, Björgvin Filippusson og Ingrid Kuhlman. Ingrid Kuhlman dró sig í hlé frá verkefninu um stundarsakir og við hennar hlutverki tók Árný Elíasdóttir. Þá var ákveðið að stækka ráðgjafahópinn þannig að sérfræðipækking ráðgjafans félli sem best að þörfum stofnana.

Björn Hafberg náms- og starfsráðgjafi tók t.a.m. að sér ráðgjöf og námsstuðning á Sogni og bauð upp á námsráðgjöf. Eyþór Eðvarðsson tók að sér fræðslu og hvatningu um breytingastjórnun fyrir Lögreglustjórnann í Reykjavík vegna skipulagsbreytinga embættanna og áhrifa þeirra á starfsfólk. Aðrar stofnanir sem unnu með ráðgjafa að láni á árinu voru: fimm heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Þjóðleikhúsið, lyfjatæknar á Landspítala- háskólasjúkrahúsi, MS dagvistun, Landbúnaðarháskólinn, Tryggingastofnun ríkisins, Vegagerðin og Landlæknisembættið

### **Að brúa bilið**

Við úthlutun Starfsmenntaráðs 2005 fengu Starfsmennt og Kompás ehf í samstarfi, styrk að upphæð 1.500.000.- til að vinna að verkefninu Að brúa bilið en umsóknin hljóðaði upp á 5.130.000.-. Verkefnið gekk út á það að safna saman og hanna tól og tæki í verkfærakistu starfsmannastjórnandans innan skipulagsheilda (HRM stjórnendur eða aðrir stjórnendur eftir atvikum sem bera ábyrgð á starfsmannahaldi og –þróun). Sá verkhluti sem Starfsmenntaráð styrkti lauk á árinu.

### **Lokaorð**

Starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar gekk vel á árinu 2006. Starfsemin er að vaxa á grunni eftirspurnar og er góður möguleiki á að styrkja og efla starfið enn frekar. Þegar litið er til verkefna þess síðustu fjögur starfsárin má draga þá ályktun að setrið geti haft mikilvægu hlutverki að gegna á sviði starfsþróunarmála og endur- og símenntunar innan starfsmannahópa og stofnana ríkisins. Þessi staðreynd gefur setrinu góða möguleika á að sækja fram með gæðapjónustu og úrræði fyrir þátttakendur sína. Einnig er vaxandi eftirspurn eftir þjónustu Starfsmenntar meðal utanfélagsfólks og annarra fræðslusjóða og vísir af samstarfsfleti í uppsiglinu.

Menntamál eru mikilvægur málaflokkur og eru í farvatninu nýjar áherslur í símenntun og hæfnisuppbyggingu starfsfólks sem setrið þarf að huga að. Hér er átt við mat á bæði raunfærni fólks með langa starfsreynslu og mat á námi þeirra inn í formlega skólakerfið. Starfsmennt hefur kynnt námskrár sínar fyrir yfirvöldum og hyggst fylgja því máli betur eftir og fá námskrárnar viðurkenndar til eininga. Annar straumur í menntun vinnandi fólks er efling lærdóms á vinnustað þar sem hver nemur á sínum hraða og fjölbreyttari miðlunar- og matsleiðir. Starfsmennt hefur nú þegar þróað öflugt vefkerfi sem býður upp á margskonar frekari kennslufræðilega möguleika sem spennandi er að nýta. Að lokum hefur stjórn Starfsmenntar ákveðið að efla náms- og starfsráðgjöf meðal félagsmanna svo hver og einn sé meðvitaður um ábyrgð sína í endur- og símenntun ásamt því að færa ráðgjöf um nám og fræðslu nær þátttakendum. Starfsfólk Starfsmenntar þarf einnig að huga betur að þessum tengslum við aðildarfélög og félagsmenn og vera sýnilegri þar sem mikil endurnýjun hefur átt sér stað á setrinu.

## Námskeið 2006 og fjöldi skráðra þátttakenda

JÁRNSÍÐA Að takast á við breytingar	6
JÁRNSÍÐA Að takast á við erfiða viðskiptavini	72
JÁRNSÍÐA Að þekkja þarfir þjónustuþega og veita góða þjónustu	30
JÁRNSÍÐA Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	1
Á vettvangi - Íslenska og íslensk stafsetning	3
Á VETTVANGI - Sjálfsmat og samskipti	19
ÁFANGAR - Áhrif sjálfsmats á samskipti og gæði í lífi og starfi	78
ÁFANGAR - Efling liðsheildar	58
ÁFANGAR - Fangelsismál á Íslandi	72
ÁFANGAR - Framtíðarsýn og markmið Fangelsismálastofnunar	27
ÁFANGAR - Lög um fullnustu refsinga	78
ÁFANGAR - Meðferðar- og vistunaráætlun	62
ÁFANGAR - Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	47
Árangursrík kennsla - fyrir leiðbeinendur Starfsmenntar	5
JÁRNSÍÐA Dánarbú	22
Efling sjálfsmats og vellíðunar í vinnunni	8
Framrás 1 - Ég og starfið	62
Framrás 2 - góð þjónusta	28
Framrás 3 - Markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi	55
Framúrskarandi þjónusta	54
JÁRNSÍÐA Fullnustugerðir	26
JÁRNSÍÐA Hlutverk Tryggingastofnunar lög um almannatryggingar	22
Hringferð	2
Hvaða stefna er í gangi hér?	2
JÁRNSÍÐA Innheimta skatta og gjalda	29
JÁRNSÍÐA Leyfi og skírteini	15
JÁRNSÍÐA Lögbókandagerðir	1
JÁRNSÍÐA Lögráðamál	9
JÁRNSÍÐA Málefni útlendinga	35
Rekspölur 1	59
Rekspölur 2	64
JÁRNSÍÐA Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna	50
JÁRNSÍÐA Saga og hlutverk sýslumanna	6
Samskipti á kvennavinnustað	
JÁRNSÍÐA Samþætting starfs og einkalífs	8
JÁRNSÍÐA Sifjamál	22
Sjálfsmat og samskipti	20
Starfsmannasamtöl	40
Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn (Austurland)	2
Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn (opið öllum)	38
Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn LSR	29
Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur	8
Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur (Austurland)	10
Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur (opið öllum)	18
Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur LSR	11
Starfsmannasamtöl - Heilbrigðisstofnun Austurlands	7

Starfsmannasamtöl - Lögregluna í Reykjavík og fleiri (stjórnendur)	10
Starfsmannasamtöl f. stjórnendur (Landbúnaðarháskólinn og fleiri)	9
Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur (Suðurland)	3
Starfsmannasamtöl fyrir sýslumannsembættið í Reykjavík	33
Starfsmannasamtöl. Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri	27
Starfsmannasamtöl. Landbúnaðarháskólinn Keldnaholti	37
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	57
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	61
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	11
Tímastjórnun	17
Tölvur og tölvunotkun	171
Tölvur og tölvunotkun - FRAMHALDSNÁMSKEIÐ EXCEL	53
Tölvur og tölvunotkun - FRAMHALDSNÁMSKEIÐ WORD	46
Tölvur og tölvunotkun - PHOTOSHOP	33
Upplýsinga- og skjalastjórn	31
VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	229
VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	102
Vellíðan í vinnunni	15
Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	16
Vorfagnaður og kynning á heimasíðu og gagnagrunnskerfi	
Starfsmenntar	39
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	30
<hr/>	
Fjöldi skráðra þátttakenda á námskeið 2006	2383
<b>Afskráningar /hætta/hafnað</b>	<b>-500</b>
<b>Utan skráningar s.s. Járnsíða og Lögregla</b>	<b>150</b>
<b>Samtals þátttakendur 2006</b>	<b>2033</b>

## Fjöldi námskeiðstitla á landsbyggðinni

Fjöldi	Númer	Fjöldi námskeiðstitla á landsbyggðinni	Staður	Ár
1	1185vf	Að þekkja þarfir þjónustubega og veita góðu þjónustu	Ísafjörður	2006
2	1289n	Á VETTvangi - Á mínum starfsvettvangi	Húsavík	2006
3	1289s	Á VETTvangi - Á mínum starfsvettvangi - í fjarnámi	Hveragerði	2006
4	6s	ÁFANGAR - Áhrif sjálfsmats á samskipti og gæði í lífi og starfi	Selfoss	2006
5	3s	ÁFANGAR - Efling liðsheildar	Selfoss	2006
6	8s	ÁFANGAR - Fangelsismál á Íslandi	Flúðir	2006
7	4s	ÁFANGAR - Lög um fullnustu refsinga	Flúðir	2006
8	4v	ÁFANGAR - Lög um fullnustu refsinga - í fjarkennslu	Akureyri	2006
9	7s	ÁFANGAR - Meðferðar- og vistunaráætlun	Selfoss	2006
10	5s	ÁFANGAR - Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	Flúðir	2006
11	1264s	Framúrskarandi þjónusta	Selfoss	2006
12	1166s	Fullnustugerðir	Egilsstaðir	2006
13	1256s	Málefni útlendinga	Selfoss	2006
14	1172v	Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna	Egilsstaðir	2006
15	1139a	Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn (opið öllum)	Fljótshálsa	2006
16	1140v	Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur (opið öllum)	Borgarnes	2006
17	1140s	Starfsmannasamtöl - fyrir stjórnendur (opið öllum)	Hvolsvöllur	2006
18	1133a	Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám (fjarnám)	Egilsstaðir	2006
19	1132a	Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám - FJARNÁM	Egilsstaðir	2006
20	1189a	Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	Eskifjörður	2006
21	1180a	Tímastjórnun	Egilsstaðir	2006
22	1281N	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	Akureyri	2006
23	1281a	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	Höfn	2006
24	1281vf	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	Ísafjörður	2006
25	1281s	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	Mýrdalshreppur	2006
26	1281eh	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn eftir hádegi	Borgarnes	2006

27	1281v	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn fyrir hádegi	Borgarbyggð	2006
28	1280n	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	Akureyri	2006
29	1280v	VEGAGERÐIN - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	Mosfellsbær	2006
30	1297a	Velliðan í vinnunni	Egilsstaðir	2006
31	1236n	Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	Akureyri	2006